

Fundargerð – 549. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 15. ágúst 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Eiður Ævarsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson, Svavar Grétarsson og Önundur Jónasson.

Ingbór Guðmundsson og varamaður hans boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Staðan á breytingu flokkunarkerfa. Kostnaður til þessa
3. Útboðsmál, staðan.
4. Hugsanleg uppbygging í þágu hringrásarhagkerfisins í Helguvík
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggis- og starfsmannamál, brennsluna í júlí og það sem af er af ágúst, bilanir í sumar, framkvæmdir og breytingar á árinu.

2. Staðan á breytingu flokkunarkerfa. Kostnaður til þessa

Framkvæmdastjórinn fór yfir stöðu á breytingu flokkunarkerfa, fjármögnun Kölku á ílátunum og áætlaðan kostnað.

3. Útboðsmál, staðan.

Framkvæmdastjórinn fór yfir útboðsmálin. Engar athugasemdir bárust frá stjórn við útboðslýsinguna. Framkvæmdastjórinn upplýsti stjórn að áform séu fyrir því að klára þetta í vikunni.

4. Hugsanleg uppbygging í þágu hringrásarhagkerfisins í Helguvík.

Reykjanesbær hefur boðað fund um hugsanlega uppbyggingu innviða og óskað eftir kynningu á sjónarmiðum Kölku á því efni. Fundurinn verður haldinn 24. ágúst nk. Farið var yfir sjónarmið stjórnarmanna í þessum efnum.

5. Önnur mál.

Stjórn ræddi sorphirðu á Ásbrú. Að öðru leyti voru engin mál á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:40.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 12. september 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Steinþór Þórðarson